



ENVALYS

Akureyri - Hafnarstræti 14 og 16 - breytingar á aðal- og deiliskipulagi

Könnun á afstöðu fólks til skipulagsbreytinga, staðarvenslum og sálfræðilegri endurheimt. Hugmyndir fólks um lausnir á viðfangsefnum skipulagsbreytinga.

Könnun á tilfinningalegum tengslum og/eða minningum tengdum Leiruvelli í Innbænum á Akureyri.

Efnisyfirlit

KÖNNUN 1: Könnun á afstöðu fólks til skipulagsbreytinga, staðarvenslum og sálfræðilegri endurheimt. Hugmyndir fólks um lausnir á viðfangsefnum skipulagsbreytinga bls. 3 - 46

KÖNNUN 2: Könnun á tilfinningalegum tengslum og/eða minningum tengdum Leiruvelli í Innbænum á Akureyri bls. 47 - 63



KÖNNUN 1

Í tengslum við breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi á lóð nr. 16 við Hafnarstræti á Akureyri var gerð könnun á afstöðu almennings til umræddra breytinga.

Í þessu skjali er að finna niðurstöður könnunarinnar sem unnin var af fyrirtækinu ENVALYS að beiðni íbúa á Akureyri.

Engum persónugreinanlegum gögnum var safnað í þessari könnun.



Í hnotskurn – niðurstöður

- ▶ Niðurstöður könnunarinnar, sem byggja á gögnum frá alls 196 þátttakendum, sýna að:
 - ▶ Þátttakendur voru fremur andvígir þeim skipulagsáformum sem eru í farvatninu varðandi lóð nr. 16 við Hafnarstræti og hafa munu áhrif á lóð nr. 14 (Leiruvöll).
 - ▶ Munur kom fram hjá þátttakendum eftir búsetu. Íbúar í Innbænum og íbúar utan Akureyrar voru nokkuð andvígir skipulagsáformum en íbúar í öðrum bæjarhlutum á Akureyri voru fremur hlynntir þeim.
 - ▶ Íbúar í Innbænum og íbúar utan Akureyrar höfðu sterkari tilfinningaleg tengsl við Leiruvöll en íbúar í öðrum bæjarhlutum á Akureyri.
 - ▶ Íbúar í Innbænum og íbúar utan Akureyrar töldu að dvöl á Leiruvellinum veitti þeim frelsi og yki vellíðan þeirra. Marktækur munur var á afstöðu íbúa í Innbænum og afstöðu íbúa í öðrum bæjarhlutum á Akureyri.
 - ▶ Þátttakendur töldu að vitneskja um tilvist Leiruvallar veitti þeim frelsi og yki vellíðan. Marktækur munur kom fram í afstöðu íbúa í Innbænum og íbúa í öðrum bæjarhlutum á Akureyri.



Hafnarstræti 16 – breyting á aðalskipulagi

Skipulagslýsing vegna stækkunar íbúðarhúsnæðis fyrir búsetukjarna á lóð Hafnarstrætis 16, dags. 29. september 2021, var [kynnt](#) á vef Akureyrarbæjar þann 13. október 2021.

Breyting á aðalskipulagi mun hafa í för með sér stækkun á lóð Hafnarstrætis 16 til suðurs og að byggt verði við núverandi búsetukjarna á lóðinni. Núverandi lóð er 1.706,6 m² en gert er ráð fyrir að lóðin stækki um um 520 m² inn á grassvæði á milli núverandi lóðar og leiksvæðis sunnan grassvæðisins.



Loftmynd sem sýnir staðhætti, gul útlína sýnir stækkun á afmörkun þess svæðis sem breytingin nær til.
Dags. 29. september 2021

Hafnarstræti 16 – breyting á aðalskipulagi (frh)

Í skipulagslýsingu segir einnig: “Breyting felur í sér að íbúðarsvæði ÍB1 stækkar um 0,05 ha sunnan lóðar við Hafnarstræti 16 og stækkar íbúðarsvæði ÍB1 úr 18,3 ha í 18,35 ha. Það svæði sem stækkað íbúðarsvæði nær yfir er fyrir skilgreint sem opið svæði OP2 og minnkar það svæði um 0,05 ha eða úr 4,7 ha í 4,65 ha.”

Ákvæði fyrir bæði svæði verða óbreytt í aðalskipulagi.

Í yfirlitstöflum um íbúðarsvæði og opin svæði í greinargerð gildandi aðalskipulags er umfjöllun um svæði ÍB1 og OP2 (sjá til hægri).

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
ÍB1	Fjaran, Lækjargil, Spítalastigur	Innbær	18,3	Eldri byggð með varðveislugildi ásamt nýrri byggð. Fullbyggt, fullmótað hverfi. Deiliskipulagt. Á svæðinu er elsti hluti byggðar á Akureyri. Halda skal yfirbragði svæðisins og nýbyggingar og breytingar einstakra húsa skulu vera í samræmi við aðliggjandi húsaðir, sjá enn fremur kafli 2.1.25 Hverfisverndarsvæði. Á svæði sem afmarkast af Hafnarstræti, Aðalstræti og Dróttningarbraut er verslunar- og þjónustuhúsnæði heimilt á lóðum sem það er fyrir.
OP2	Umhverfi innbæjartjarnar	Innbær	4,7	Svæði með stígum, áningarstöðum og mannvirkjum vegna útivistar. Deiliskipulagt. Engin mannvirki mega ná upp í skilgreindan hindranaflöt flugvallarins.




Hafnarstræti 16 – breyting á deiliskipulagi


Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti á fundi 6. júlí 2022 að kynna **tillögu að breytingu á deiliskipulagi** fyrir lóð nr. 16 við Hafnarstræti dags. 6. júlí 2022

Breyting á deiliskipulagi lóðar nr. 16 við Hafnarstræti mun hafa eftirfarandi í för með sér:

1. Heimild er fyrir sex íbúðum í stað einnar íbúðar innan lóðar
2. Lóð er stækkuð til suðurs um 531,4 m² og fer úr 1706,6 m² í 2.238 m²
3. Núverandi byggingarreitur er stækkaður til suðurs
4. Heimilt er að byggja að hámarki 300 m² viðbyggingu á einni hæð við núverandi einnar hæðar hús
5. Nýr byggingarreitur fyrir að hámarki 30 m² geymsluskúr er staðsettur á norðvestur hluta lóðar
6. Hámarksheildarnýtingarhlutfall innan lóðar er aukið úr 0,158 og upp í 0,270
7. Bílastæðum innan lóðar er fjölgað úr fimm í tíu. Tvö af nýju bílastæðunum eru með tengingu frá aðliggjandi götu, en hin nýju bílastæðin eru austan við núverandi bílastæði innan lóðar.



Gildandi deiliskipulag tók gildi 30. október 2012 með síðari breytingum - mkv. 1:1000



Tillaga að deiliskipulagsbreytingu Hafnarstræti 16 - mkv. 1:1000



Hafnarstræti 16 – breyting á deiliskipulagi (frh)

Í tillögu að breytingu á deiliskipulagi segir jafnframt:

“Vegna lóðarstækkunar Hafnarstrætis 16 til suðurs um 12,5 m mun leiksvæðið verða stækkað til austurs. Stefnt er að því að leiksvæðið mun verða afgirt og bætt við leiktækjum og gróðri til að gera umgjörð svæðisins hlýlega og aðlaðandi.

Ath. Fyrirkomulag leiktækja og yfirborðsfrágangs á skýringarmynd [sjá til hægri] er einungis til þess að sýna hugsanlegt fyrirkomulag á leiksvæði.”



Skýringarmynd í tillögu að breytingu á deiliskipulagi
Dags. 6. júlí 2022



Staðarvensl og sálfræðileg endurheimt

Skilgreining á hugtökum

1. **Staðarvensl** eru skilgreind sem tilfinningaleg tengsl sem fólk myndar við staði/svæði sem það heimsækir eða notar reglulega. Slíkir staðir/svæði veita þeim vellíðan og öryggi, skapa gildi, tákni og einstaklingsbundna merkingu auk þess sem vitund vaknar um menningarlegt og sögulegt samhengi. Staðarvensl skapast yfir lengri tíma, hafa mikla þýðingu fyrir einstaklinginn og eru honum mikilvæg.
2. **Sálfræðileg endurheimt** er skilgreind sem endurnýjun andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar getu sem hefur minnkað vegna fyrirhafnar fólks við að mæta kröfum hversdagsins. Ferli endurheimtar eða “það að hlaða batteríin” er hluti af okkar daglega lífi og nauðsynlegur þáttur í að viðhalda heilbrigði og vellíðan. Rannsóknir hafa sýnt að umhverfið hefur mikil áhrif á ferli endurheimtar.
 - a. **Tjáð endurheimt**; Ekki er um að ræða raunverulega endurheimt, heldur mótar fólk afstöðu sína til endurheimtar út frá fyrri reynslu af því að vera í tilteknum aðstæðum.
 - b. **Hugræn mynd**; Ekki er um að ræða bein samskipti við umhverfið, heldur leitar fólk í eigin hugarheim (skapar hugræna mynd) til að upplifa raunverulega endurheimt.
3. Rannsóknir hafa sýnt að **tengsl milli staðarvensla og sálfræðilegar endurheimtar**. Þó enn sé ýmislegt á huldu um orsakatengsl þessara breyta, þ.e. hvort staðarvensl hafa áhrif á sálfræðilega endurheimt eða öfugt, hafa nýlegar rannsóknir bent til aukin sálfræðileg endurheimt ýti undir aukin staðarvensl.

Með öðrum orðum, því betur sem umhverfið ýtir undir sálfræðilega endurheimt (þ.e. að við “hlöðum batteríin”), því betur líður okkur og betri líðan skapar forsendur fyrir sterkari tilfinningaleg tengsl við umhverfið.



Könnun: Tilgangur

Tilgangur þessarar könnunar er að:

1. **Varpa ljósi á afstöðu fólks til skipulagsbreytinga á lóð nr. 16 við Hafnarstræti** sem hafa munu áhrif á lóð nr. 14 ar sem nú er opið grænt svæði og leikvöllur (Leiruvöllur).
2. **Varpa ljósi á tengsl fólks við Leiruvöllinn, upplifun og notkun**
3. **Þjóða hinum almenna borgara upp á vettvang** til að koma viðhorfum sínum gagnvart fyrirhuguðum breytingum á aðal- og deiliskipulagi á framfæri með aðgengilegum hætti.



Aðferð könnunar: Efnisatriði

Könnunin samanstóð af fjórum hlutum:

1. **Öflun bakgrunnsupplýsinga** (þ.e. kyns, aldurs og búsetu). Þess var gætt að engum persónugreinanlegum gögnum væri safnað.
2. **Könnun á afstöðu fólks** 1) til breytingar á aðalskipulagi vegna stækkunar lóðar nr. 16 við Hafnarstræti og; 2) til tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 16 við Hafnarstræti.
3. **Könnun á tengslum fólks** við svæðið, **upplifun** þess á því og **notkun**.
4. Opnum spurningum um **hugmyndir fólks** um: 1) Hvernig leysa megi viðfangsefni skipulagsbreytinganna með öðrum hætti og; 2) annars konar framtíðarþróun innan svæðisins.



Aðferð könnunar: Fyrirlögn

Um var að ræða netkönnun þar sem þátttakendur gátu ýmist svarað gegnum farsíma eða tölvu.

Gagnasöfnun fór fram dagana 3. - 15. ágúst 2022 og var könnunin aðgengileg:

- ▷ Á Facebook-síðu ENVALYS.
- ▷ Á fréttasíðu Akureyri.net (akureyri.net)

Könnunin var öllum opin og þurftu þátttakendur að skrá sig í gegnum island.is. Hver sem er gat dreift könnuninni gegnum samfélagsmiðla eða tölvupóst og hvatt til þátttöku.

Eftir skráningu gegnum island.is birtist síða í upphafi könnunar þar sem stóð “*Taka þátt í rannsókn*”. Þátttakendur þurftu þá að smella á hnapp til að opna könnunina. Þegar þangað var komið samþykktu þeir þátttöku með við að haka í þar til gert box.



Aðferð könnunar: Úrvinnsla

Við úrvinnslu gagna var reiknað **meðaltal og staðalfrávik** fyrir hverja spurningu og niðurstöður settar fram í formi súlurita.

Ítarlegri úrvinnsla fól í sér að beita **t-prófi og einhliða dreifigreiningu** til að kanna tölfræðilega marktækan mun* í afstöðu hópa eftir:

Kyni

Aldri

Búsetu

Eftirapróf Bonferroni var notað í þeim tilvikum þar sem tölfræðilega marktækur munur kom fram, til að greina hvar sá munur lægi.

Pearson's r var notað til að reikna fylgni milli breyta.

* ATH! Þegar talað er um marktækan mun í niðurstöðuskýrslu er ávallt átt við tölfræðilega marktækan mun ($\alpha = 0,05$)



Niðurstöður

Bakgrunnsbreytur

hverjir tóku þátt?


Þátttakendur Alls luku **196** einstaklingar við $\geq 65\%$ af könnuninni

Kynjahlutfall 62,8% konur
35,2% karlar
2% annað


Aldur 4,6% 18-25 ára
31,1% 26-45 ára
44,9% 46-65 ára
20,4% ≥ 66 ára

Búseta 19,9% Innbærinn á Akureyri
65,8% Annar bæjarhluti á Akureyri en Innbærinn
14,3% Utan Akureyrar


KYN




ALDUR



BÚSETA



1. Afstaða til breytingar á aðalskipulagi óháð kyni, aldri og búsetu




Heilt yfir voru þátttakendur fremur andvígir því að hluti Leiruvallar yrði tekinn undir byggingu á lóð nr. 16 við Hafnarstræti, sbr. breytingu á aðalskipulagi.

Almennt séð hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú því að hluti Leiruvallar sé tekin undir byggingu/byggingar á lóð nr. 16 við Hafnarstræti sbr. breytingu á aðalskipulagi?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



1. Afstaða til breytingar á aðalskipulagi eftir kyni



Bæði konur og karlar* voru fremur andvíg því að hluti Leiruvallar yrði tekinn undir byggingu á lóð nr. 16 við Hafnarstræti, sbr. breytingu á aðalskipulagi. Ekki komu fram marktækur munur á afstöðu kynjanna.


Almennt séð hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú því að hluti Leiruvallar sé tekin undir byggingu/byggingar á lóð nr. 16 við Hafnarstræti sbr. breytingu á aðalskipulagi?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)

* ATH! Aðeins 4 einstaklingar voru í hópnum "Annað". Hópnum var því sleppt í marktektarprófun.



1. Afstaða til breytingar á aðalskipulagi eftir aldri



Aldurshópar 26 ára og eldri voru fremur andvígir því að hluti Leiruvallar yrði tekinn undir byggingu á lóð nr. 16 við Hafnarstræti, sbr. breytingu á aðalskipulagi. Yngsti hópurinn var nokkuð hlynntur aðalskipulagsbreytingunni en sá munur reyndist ekki marktækur.

Almennt séð hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú því að hluti Leiruvallar sé tekin undir byggingu/byggingar á lóð nr. 16 við Hafnarstræti sbr. breytingu á aðalskipulagi?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



1. Afstaða til breytingar á aðalskipulagi eftir búsetu




Íbúar í Innbænum á Akureyri og íbúar utan Akureyrar voru nokkuð andvígir því að hluti Leiruvallar yrði tekinn undir byggingu á lóð nr. 16 við Hafnarstræti, sbr. breytingu á aðalskipulagi. Íbúar í öðrum bæjarhlutum voru á hinn bóginn fremur hlyntir hugmyndinni og var sá munur í afstöðu marktækur ($F(2, 174) = 7,135$ $p = 0,001$).

Almennt séð hversu andvíg(ur) / hlynt(ur) ert þú því að hluti Leiruvallar sé tekin undir byggingu/byggingar á lóð nr. 16 við Hafnarstræti sbr. breytingu á aðalskipulagi?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynt(ur)



2. Afstaða til framlagðrar breytingar á deiliskipulagi óháð kyni, aldri og búsetu




Heilt yfir voru þátttakendur fremur andvígir framlagðri breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 16 við Hafnarstræti.

Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú framlagðri tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð 16 við Hafnarstræti?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



2. Afstaða til framlagðrar breytingar á deiliskipulagi eftir kyni



Bæði konur og karlar* voru fremur andvíg framlagðri breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 16 við Hafnarstræti. Ekki komu fram marktækur munur á afstöðu kynjanna.


Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú framlagðri tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð 16 við Hafnarstræti?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)

* ATH! Aðeins 4 einstaklingar voru í hópnum "Annað". Hópnum var því sleppt í marktektarprófun.



2. Afstaða til framlagðrar breytingar á deiliskipulagi eftir aldri




Aldurshópar 26 ára og eldri voru fremur andvígir framlagðri breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 16 við Hafnarstræti. Yngsti hópurinn var fremur hlynntur deiliskipulagsbreytingunni en sá munur reyndist ekki marktækur.

Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú framlagðri tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð 16 við Hafnarstræti?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



2. Afstaða til framlagðrar breytingar á deiliskipulagi eftir búsetu



Íbúar í Innbænum á Akureyri og íbúar utan Akureyrar voru nokkuð andvígir framlagðri breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 16 við Hafnarstræti. Íbúar í öðrum bæjarhlutum voru á hinn bóginn fremur hlynntir hugmyndinni og var sá munur í afstöðu marktækur ($F(2, 174) = 9,403$ $p < 0,001$).


Hversu andvíg(ur) / hlynnt(ur) ert þú framlagðri tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð 16 við Hafnarstræti?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



3. Staðarvensl

óháð kyni, aldri og búsetu




Almennt séð voru staðarvensl þátttakenda við lóð nr. 14 við Hafnarstræti (Leiruvöll) fremur veik.

0 = veik staðarvensl; 3 = hvorki né; 6 = sterk staðarvensl



Niðurstöður

3. Staðarvensl eftir kyni



Bæði konur og karlar* upplifðu fremur veik staðarvensl við lóð nr. 14 við Hafnarstræti (Leiruvöll). Ekki komu fram marktækur munur á afstöðu kynjanna.


0 = veik staðarvensl; 3 = hvorki né; 6 = sterk staðarvensl

* ATH! Aðeins 4 einstaklingar voru í hópnum "Annað". Hópnum var því sleppt í marktektarprófun.



Niðurstöður

3. Staðarvensl eftir aldri




Aldurshópar 18-65 ára upplifu fremur veik staðarvensl við lóð nr. 14 við Hafnarstræti (Leiruvöll). Yngsti hópurinn sýndi minnst staðarvensl en sá munur var ekki marktækur. Elsti hópurinn, 66 ára og eldri voru rétt ofan við miðgildi kvarðans.



Niðurstöður

3. Staðarvensl eftir búsetu



Íbúar í Innbænum á Akureyri og íbúar utan Akureyrar sýndu fremur sterk staðarvensl við lóð nr. 14 við Hafnarstræti (Leiruvöll). Íbúar í öðrum bæjarhlutum sýndu á hinn bóginn fremur veik staðarvensl við svæðið og var sá munur í afstöðu marktækur ($F(2, 193) = 12,68$ $p < 0,001$).

0 = veik staðarvensl; 3 = hvorki né; 6 = sterk staðarvensl



3. Staðarvensl


Tengsl við afstöðu til skipulagsbreytinga, mikilvægis Leiruvallar og tíðni heimsókna

1. Sterk jákvæð tengsl voru milli staðarvensla og þess hversu andvígir þátttakendur voru því að hluti Leiruvallar yrði tekinn undir byggingu á lóð nr. 16 við Hafnarstræti, sbr. breytingu á aðalskipulagi ($N = 177; r = 0,70 p < 0,001$).
Túlkun: Eftir því sem fólk binst Leiruvellinum sterkari tilfinningalegum böndum, því andvígara er það hugmyndinni um að hluti Leiruvallar verði tekinn undir nýbyggingu á lóð nr. 16.
2. Sterk jákvæð tengsl voru milli staðarvensla og þess hversu andvígir þátttakendur voru framlagðri tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 16 við Hafnarstræti ($N = 177; r = 0,69 p < 0,001$).
Túlkun: Eftir því sem fólk binst Leiruvellinum sterkari tilfinningalegum böndum, því andvígara er það framlagðri deiliskipulagstillögu fyrir lóð nr. 16.
3. Nokkuð sterk jákvæð tengsl voru milli staðarvensla og mats á mikilvægi Leiruvallarins sem græns svæðið fyrir Innbæinn ($N = 196; r = 0,64 p < 0,001$).
Túlkun: Eftir því sem fólk binst Leiruvellinum sterkari böndum, því hærra metur það mikilvægi hans sem græns svæðis fyrir Innbæinn.
4. Miðlungs sterk jákvæð tengsl voru milli staðarvensla og tíðni heimsókna á Leiruvöllinn ($N = 196; r = 0,47 p < 0,001$).
Túlkun: Eftir því sem fólk binst Leiruvellinum sterkari tilfinningaböndum, því oftar sækir það Leiruvöllinn heim.



4. Sálfræðileg endurheimt (tjáð endurheimt)

óháð kyni, aldri og búsetu




Almennt voru þátttakendur fremur sammála því að dvöl á lóð nr. 14 við Hafnarstræti ýtti undir sálfræðilega endurheimt.

Dvöl á Leiruvellinum veitir mér frelsi og eykur vellíðan mína

0 = mjög ósammála; 3 = hvorki né; 6 = mjög sammála



4. Sálfræðileg endurheimt (tjáð endurheimt) eftir kyni



Bæði konur og karlar* fremur sammála því að dvöl á lóð nr. 14 við Hafnarstræti (Leiruvellinum) ýtti undir sálfræðilega endurheimt. Ekki kom fram marktækur munur milli kynja.


Dvöl á Leiruvellinum veitir mér frelsi og eykur vellíðan mína

0 = mjög ósammála; 3 = hvorki né; 6 = mjög sammála

* ATH! Aðeins 4 einstaklingar voru í hópnum "Annað". Hópnum var því sleppt í marktektarprófun.



4. Sálfræðileg endurheimt (tjáð endurheimt) eftir aldri




Aldurshópar eldri en 26 ára voru fremur sammála því að dvöl á lóð nr. 14 við Hafnarstræti (Leiruvellinum) ýtti undir sálfræðilega endurheimt. Aldurshópurinn 18-25 var á hinn bóginn nokkuð ósammála þeirri fullyrðingu og kom fram marktækur munur milli hópa ($F(3, 182) = 3,137$ $p = 0,027$).

Dvöl á Leiruvellinum veitir mér frelsi og eykur vellíðan mína

0 = mjög ósammála; 3 = hvorki né; 6 = mjög sammála



4. Sálfræðileg endurheimt (tjáð endurheimt) eftir búsetu



Íbúar í Innbænum á Akureyri og íbúar utan Akureyrar voru nokkuð og fremur sammála því að dvöl á lóð nr. 14 við Hafnarstræti (Leiruvellinum) ýtti undir sálfræðilega endurheimt. Íbúar í öðrum bæjarhlutum rétt neðan við miðgildi kvarðans. Martækur munur kom fram í mati íbúa í Innbænum og íbúa í öðrum bæjarhlutum á Akureyri ($F(2, 183) = 8.094$ $p < 0,001$).

Dvöl á Leiruvellinum veitir mér frelsi og eykur vellíðan mína

0 = mjög ósammála; 3 = hvorki né; 6 = mjög sammála



4. Sálfræðileg endurheimt (tjáð endurheimt)

Tengsl við afstöðu til skipulagsbreytinga, mikilvægis Leiruvallar og tíðni heimsókna

1. Sterk jákvæð tengsl voru milli tjáðrar endurheimtar og þess hversu andvígir þátttakendur voru því að hluti Leiruvallar yrði tekinn undir byggingu á lóð nr. 16 við Hafnarstræti, sbr. breytingu á aðalskipulagi (N = 176; $r = 0,70$ $p < 0,001$).

Túlkun: Eftir því sem fólk telur dvöl á Leiruvellinum auka frelsi sitt og bæta líðan, því andvígara er það hugmyndinni um að hluti Leiruvallar verði tekinn undir nýbyggingu á lóð nr. 16.

2. Sterk jákvæð tengsl voru milli tjáðrar endurheimtar og þess hversu andvígir þátttakendur voru framlagðri tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir nr. 16 við Hafnarstræti (N = 176; $r = 0,68$ $p < 0,001$).

Túlkun: Eftir því sem fólk telur dvöl á Leiruvellinum auka frelsi sitt og bæta líðan, því andvígara er það framlagðri deiliskipulagstillögu fyrir lóð nr. 16.

3. Sterk jákvæð tengsl voru milli tjáðrar endurheimtar og mats á mikilvægi Leiruvallarins sem græns svæðið fyrir Innbæinn (N = 186; $r = 0,70$ $p < 0,001$).


Túlkun: Eftir því sem fólk telur dvöl á Leiruvellinum auka frelsi sitt og bæta líðan, því hærra metur það mikilvægi hans sem græns svæðis fyrir Innbæinn.

4. Miðlungs sterk jákvæð tengsl voru milli tjáðrar endurheimtar og tíðni heimsókna á Leiruvöllinn (N = 186; $r = 0,43$ $p < 0,001$).

Túlkun: Eftir því sem fólk telur dvöl á Leiruvellinum auka frelsi sitt og bæta líðan, því oftar sækir það Leiruvöllinn heim.



5. Sálfræðileg endurheimt (hugræn mynd) óháð kyni, aldri og búsetu




Almennt voru þátttakendur fremur sammála því að það að vita af Leiruvellinum á lóð nr. 14 við Hafnarstræti ýtti undir sálfræðilega endurheimt.

Að vita af Leiruvellinum veitir mér frelsi og eykur vellíðan mína

0 = mjög ósammála; 3 = hvorki né; 6 = mjög sammála



5. Sálfræðileg endurheimt (hugræn mynd) eftir kyni



Bæði konur og karlar* fremur sammála því að það að vita af Leiruvellinum ýtti undir sálfræðilega endurheimt. Ekki kom fram marktækur munur milli kynja.


Að vita af Leiruvellinum veitir mér frelsi og eykur vellíðan mína

0 = mjög ósammála; 3 = hvorki né; 6 = mjög sammála

* ATH! Aðeins 4 einstaklingar voru í hópnum "Annað". Hópnum var því sleppt í marktektarprófun.



5. Sálfræðileg endurheimt (hugræn mynd) eftir aldri



Aldurshópar eldri en 26 ára voru fremur sammála því að það að vita af Leiruvellinum ýtti undir sálfræðilega endurheimt. Aldurshópurinn 18-25 var á hinn bóginn nokkuð ósammála þeirri fullyrðingu. Ekki kom fram marktækur munur milli hópanna.

Að vita af Leiruvellinum veitir mér frelsi og eykur vellíðan mína

0 = mjög ósammála; 3 = hvorki né; 6 = mjög sammála



5. Sálfræðileg endurheimt (hugræn mynd) eftir búsetu



Allir hópar voru sammála því að það að vita af Leiruvellinum ýtti undir sálfræðilega endurheimt. Íbúar í Innbænum voru nokkuð sammála en íbúar í öðrum bæjarhlutum á Akureyri voru fremur sammála. Marktækur munur kom fram í afstöðu hópanna tveggja ($F(2, 183) = 7,304$ $p = 0,001$).

Að vita af Leiruvellinum veitir mér frelsi og eykur vellíðan mína

0 = mjög ósammála; 3 = hvorki né; 6 = mjög sammála



5. Sálfræðileg endurheimt (hugræn mynd)

Tengsl við afstöðu til skipulagsbreytinga, mikilvægis Leiruvallar og tíðni heimsókna

1. Sterk jákvæð tengsl voru milli hugrænnar myndar og þess hversu andvígir þátttakendur voru því að hluti Leiruvallar yrði tekinn undir byggingu á lóð nr. 16 við Hafnarstræti, sbr. breytingu á aðalskipulagi (N = 176; $r = 0,74$ $p < 0,001$).
Túlkun: Eftir því sem vitneskja um tilvist Leiruvallar eykur frelsi fólks og bætir líðan, því andvígara er það hugmyndinni um að hluti Leiruvallar verði tekinn undir nýbyggingu á lóð nr. 16.
2. Sterk jákvæð tengsl voru milli hugrænnar myndar og þess hversu andvígir þátttakendur voru framlagðri tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir nr. 16 við Hafnarstræti (N = 176; $r = 0,74$ $p < 0,001$).
Túlkun: Eftir því sem vitneskja um tilvist Leiruvallar eykur frelsi fólks og bætir líðan, því andvígara er það hugmyndinni um að hluti Leiruvallar verði tekinn undir nýbyggingu á lóð nr. 16.
3. Sterk jákvæð tengsl voru milli hugrænnar myndar og mats á mikilvægi Leiruvallarins sem græns svæðið fyrir Innbæinn (N = 186; $r = 0,71$ $p < 0,001$).
Túlkun: Eftir því sem vitneskja um tilvist Leiruvallar eykur frelsi fólks og bætir líðan, því hærra metur það mikilvægi hans sem græns svæðis fyrir Innbæinn.
4. Fremur veik tengsl voru milli hugrænnar myndar og og tíðni heimsókna á Leiruvöllinn (N = 186; $r = 0,38$ $p < 0,001$).
Túlkun: Eftir því sem vitneskja um tilvist Leiruvallar eykur frelsi fólks og bætir líðan, því oftar sækir það Leiruvöllinn heim.



6. Hugmyndir að lausn á viðfangsefni skipulagsbreytinganna

Svör þátttakenda #1

Ef þú ert andvíg(ur) framlögðum tillögum að breytingum á skipulagi hvernig sérðu fyrir þér að leysa mætti það viðfangsefni sem þeim er ætlað að leysa?

- ▶ Byggja á annarri lóð.
- ▶ Skoða ætti þann möguleika að stækka Hafnarstræti 16 til austurs eða selja húsið og byggja nýtt fyrir þá starfsemi sem fyrirhuguð er.
- ▶ Það þarf að finna þessu sambýli annan stað í bænum.
- ▶ Bærinn á lóð í Hagahverfi (Nonnahaga). Er ekki hægt að byggja þar?
- ▶ Nóg til af lóðum í bænum. Það þarf ekki að minnka grænu svæðin.
- ▶ Uppbygging íbúða þarf að vera á öðrum stað eða með hætti sem skerðir ekki mikilvægt leiksvæði og opið svæði í Innbænum.
- ▶ Það er óþarfi að mínu mati að byggja á þessu svæði.
- ▶ Færa þennan þjónustukjarna fyrir fatlaða á annan stað og byggja þar upp nýtt og betra húsnæði fyrir þessa þjónustu í staðinn fyrir að taka leikvöllinn undir stækkun hennar núna.
- ▶ Ekki stækka þennan þjónustukjarna þarna. Hverfið er svo lítið og horfa þarf til samsetningar á fólki. Hefur verið fínt hingað til. Svona stór vinnustaður á ekki heima þarna.
- ▶ Hvar eru opin svæði í öllum nýjum hverfum fyrir leik, nærveru og snjógeymslu á veturnar eða bara bílastæði?
- ▶ Þarf ekki að leysa neitt, óþarfi að byggja þarna.
- ▶ Með því að lengja völlinn til austurs yrði þetta bara mjög gott.
- ▶ Sé bara ekki þörfina að þetta byggð ennþá meira þarna. Efla frekar útsvæðið. Gera það enn fallegra. Akureyrarbær er nú þegar búinn að taka sjarmann í burtu frá miðbænum. Óþarfi að gera það þarna líka.



6. Hugmyndir að lausn á viðfangsefni skipulagsbreytinganna

Svör þátttakenda #2

Ef þú ert andvíg(ur) framlögðum tillögum að breytingum á skipulagi hvernig sérðu fyrir þér að leysa mætti það viðfangsefni sem þeim er ætlað að leysa?

- ▶ Byggja norðar á Leikhústúni. Stærra svæði. Meiri innkoma.
- ▶ Óþarfi að stækka svæðið til að byggja íbúðir. Frekar að byggja minna húsnæði og halda í þetta litla græna svæði sem er til staðar!
- ▶ Vernda Leiruvöll.
- ▶ Byggja annars staðar.
- ▶ Byggja annars staðar.
- ▶ Byggja annars staðar þar sem er meira pláss fyrir. Enn frekari stækkun sem verður þörf fyrir í framtíðinni!
- ▶ Vil ekki minnka græn svæði á Akureyri. Mætti gera svæðið huggulegra.
- ▶ Gera ætti meira úr svæðinu til að auka áhuga fólks til að nota svæðið. Mig þykir ekki viðeigandi að byggja á svæðinu og skyggja þar með á elsta hús bæjarins Laxdalshús.
- ▶ Finna annan stað fyrir sambýli þannig að ekki komi til skerðing á svæði Leiruvallar sem má alls ekki minnka.
- ▶ Færa búsetukjarna úr gamla bænum.
- ▶ Byggja viðbyggingu til austurs eða byggja nýtt sambýli í nýrri hverfum. Margs konar not koma til greina fyrir það gamla sem enginn býr í núna.
- ▶ Finna því annan stað. Nýbyggingin passar ekki inn í umhverfið og ekki minnka grænu svæðin sem eru á undanhaldi hjá Akureyrarbæ.
- ▶ Byggja annars staðar og varðveita elsta part Akureyrar.



6. Hugmyndir að lausn á viðfangsefni skipulagsbreytinganna

Svör þátttakenda #3

EEf þú ert andvíg(ur) framlögðum tillögum að breytingum á skipulagi hvernig sérðu fyrir þér að leysa mætti það viðfangsefni sem þeim er ætlað að leysa?

- ▶ Sleppa minnkun Leiruvallarins. Stór hluti af sjarma svæðisins er að liggja samsíða sjó og með útsýni yfir í Heiði. Með þessum plönun yrði mjög þrengt að víðsýninu.
- ▶ Byggja annars staðar.
- ▶ Væri ef til vill hægt að stækka íbúakjarnann H-16 í austur eða suð-austur og jafnframt halda þeim áætlunum að stækka leikvöllinn í austur.
- ▶ Það eru lóðir annars staðar. Setja tré niður fyrir neðan völinn og leyfa honum að vera eina leiksvæðið fyrir Innbæjarbörn.
- ▶ Finna nýja staðsetningu.
- ▶ Ef þú ert aða tala um að það vanti fleiri íbúðir fyrir þroskahamlaða þá er nóg af öðrum stöðum sem það er hægt án þess að minnka sögulegan stað.
- ▶ Tel að ekki eigi að þrengja að þessum reit með stærri byggingu.
- ▶ Nægt land annars staðar.
- ▶ Það er lykilatriði að eina leiksvæðið í innbænum fái að halda sér. Í stað tillögunnar mætti til dæmis byggja til austurs eða í nýjum hverfum bæjarins.
- ▶ Byggja við H-16 og lengja leikvöllinn til austurs nýta opna svæðið þar
- ▶ Byggja búsetukjarna á nýjum stað og nýta svæðið til útivistar.
- ▶ Íbúðakjarnar geta verið alls staðar. Erfitt getur verið að endurheimta græn svæði.
- ▶ Mjög sammála byggingunni.



7. Hugmyndir að framtíðarþróun Leiruvallar

Svör þátttakenda #1

Ef þú ert ósammála því að hlutar Leiruvallar fari undir byggingu/byggingar á lóð 16 við Hafnarstræti hvernig myndirðu vilja sjá svæðið þróast til framtíðar?

- ▶ Aðlaðandi opið grænt svæði sælureit og skemmtilega aðstöðu fyrir börn, unglinga, aldraða fjölskyldufólk og fleiri, svo sem skóla-/leikskólahópa sem koma reglulega á Leiruvöllinn, Nökkvakrakkana (þegar ekki viðrar til siglinga) og aðra gesti með ís úr Brynju og nesti. Sparkvöllur, Karfa, klifurgrind, bekki, o.fl. o.fl. sbr. teikningu HGG mætti nefna. Svæðið styður vel við Laxdalshús elsta hús bæjaris og skiptir það líka miklu máli. Leiruvöllur heldur opnuninni í umhverfinu og útsýninu að hafinu. Þetta er eina græna góða almenningsvæðið í Innbænum fyrir fólk að koma saman á. Má alls ekki skerða. Engin skólalóð er í hverfinu sem gleymist. Að skerða Leiruvöll með fyrirhuguðum áformum væri aðalskipulagsslys og lítilsvirðing við Innbæinga sem ég-/við viljum ekki sjá.
- ▶ Gera almenningsgarð.
- ▶ Bæta og byggja upp leiksvæðið og og bæta jafnframt við bekkjum og gróðri þannig að nýtist fyrir íbúa gesti og vegfarendur.
- ▶ Bæta svæðið sem útivistarsvæði.
- ▶ Rækta upp skjólbelti og fjölga leiktækjum.
- ▶ Börnin í Innbænum þurfa leiksvæði. Gerið leiksvæðið í Lækjargötunni upp og það sé vel aflíðandi að fólk vilji koma þangað og leika sér við börnin sín. Svo skulið þið skoða það að taka Leiruvöllinn af þeim.
- ▶ Byggja það upp sem grænt útivistarsvæði fyrir börn og fullorðna með leiktækjum og æfingatækjum.
- ▶ Byggja upp enn betra útivistarsvæði.
- ▶ Byggja upp Leiruvöllinn fyrir íbúa Innbæjarins eins og aðra leikvelli á skólalóðum bæjarins.
- ▶ Ég er ósammála að Leiruvöllur fari undir byggingu ef stækkun hans til austurs verður ekki framkvæmd. Ég er mjög sáttt við tillögu um stækkun til austurs á Leiruvelli og verður til batnaðar miðað við núverandi ástand.



7. Hugmyndir að framtíðarþróun Leiruvallar

Svör þátttakenda #2

Ef þú ert ósammála því að hlutar Leiruvallar fari undir byggingu/byggingar á lóð 16 við Hafnarstræti hvernig myndirðu vilja sjá svæðið þróast til framtíðar?

- ▷ Eins og það er í dag.
- ▷ Eins og það er :).
- ▷ Endurnýja og bæta leiksvæðið.
- ▷ Er ósammála. Huga betur að svæðinu. Mikið fuglalíf þar og fallett svæði sem gera enn huggulegra.
- ▷ Er sammála að stækka H16.
- ▷ Fallett og vel skipulagt leiksvæði og einnig sparkvöll til austurs . Mjög mikilvægt að lærður landslagsarkitekt skipuleggi svæðið.
- ▷ Fjölskyldusvæði.
- ▷ Fleiri leiktæki.
- ▷ Frekar að stækka leikvöllinn og gera hann flottari. Setja lítinn sparkvöll og setja trélinu fyrir veginn eða girðingu Og eins og segir í deiliskipulagstillögu koma fyrir aparólu eða stærri leiktækjum.
- ▷ Fyrir fólkið, gangandi og hjólandi.
- ▷ Gera gott útisvæði.
- ▷ Græn svæði með aðstöðu fyrir mismunandi aldurshópa eru mjög mikilvæg heilsu fólks. Leiruvöllur eins og hann er er algjör lágmarksstærð til að uppfylla sælusvæði fyrir fólk til að njóta útivistar. Svæðið er opið og veðursælt auk þess að vera vel staðsett fyrir margs hópa. Fallegir bekkir og borð, sparkvöllur, leiktæki, blóm og annar gróður kallar á fólk til að njóta dagsins.
- ▷ Grænt og fallett útivistarsvæði fyrir íbúa Innbæjarins.
- ▷ Grænt svæði með leiktækjum og borðum og bekkjum.



7. Hugmyndir að framtíðarþróun Leiruvallar

Svör þátttakenda #3

Ef þú ert ósammála því að hlutar Leiruvallar fari undir byggingu/byggingar á lóð 16 við Hafnarstræti hvernig myndirðu vilja sjá svæðið þróast til framtíðar?

- ▶ Grænt svæði. Allir munu sjá það seinna meir að grænu svæðin munu skipta máli. Fólk sem skipulögðu Kaupmannahöfn sáu það fyrir löngu síðan og íbúar þar uppskera frið og afþreyingu. Lærum af þeim.
- ▶ Hafa þetta fallett útivistarsvæði.
- ▶ Hlúa vel að svæðinu til útivistar fyrir börn og fullorðna.
- ▶ Klárlega grænt svæði og mikilvægt að halda í það.
- ▶ Leggja áherslu á að þetta sé fjölnota almenningsrými þar sem er bæði pláss fyrir börn stór og smá (leiktæki) sem og fullorðið fólk (bekkir). Gróður mikilvægur en mætti ekki skyggja á útsýnið yfir í Vaðlaheiði.
- ▶ Leik- og samverusvæði fyrir bæjarbúa og gesti.
- ▶ Leiksvæði.
- ▶ Lengja til austurs með nokkurs konar hólum eða setja upp hjólabrettaramp og jafnvel fleiri leiktæki. En hins vegar sé ég sjaldan börn þarna. Því miður.
- ▶ Meira af trjám fyrir neðan og halda honum við.
- ▶ Ópið leiksvæði og mætti kannski setja upp fleiri leiktæki, gróðursetja, fleiri bekkir o.fl. sem hægt væri að gera.
- ▶ Persónulega finnst mér eiga frekar að huga að viðbótum við leikvöllinn sjálfan. Þessi leikvöllur er virkilega óspennandi og mætti hafa svo miklu meiri og betri afþreyingu þar. Einnig mætti bæta við gróðri til þess að gera aðkomu hlýlegri.
- ▶ Rífa hús við lóð 16 og stækka túnið, þið verðið að athuga það að það má líka fara í hina áttina, rífa hús og stækka græn svæði.
- ▶ Samkomustaður hverfis.



7. Hugmyndir að framtíðarþróun Leiruvallar

Svör þátttakenda #4

Ef þú ert ósammála því að hlutar Leiruvallar fari undir byggingu/byggingar á lóð 16 við Hafnarstræti hvernig myndirðu vilja sjá svæðið þróast til framtíðar?

- ▶ Mér finnst þessi könnun afskaplega undarlega orðuð og sett upp. Ég sem foreldri hér í Innbænum fer ég ekki oft á leikvöllinn en börnin fara oft. Ég upplifi ekki frelsi eða annað sem spurt var út í enda ég ekki lengur barn í Innbænum. Mikið nær væri að ræða við við börnin sem hér búa. Ég er hvorki né á móti uppbyggingu á lóð 16. Það sem mér finnst er að mikið betur væri hægt að gera fyrir börnin í Innbænum. Sem ég vona að verði gert. Vonandi verða sett upp flott tæki og kannski karfa fyrir eldri börnin. Eins og völlurinn er núna er ekkert fyrir eldri börn. Vona bara innilega að eitthvað flott verði gert fyrir börnin í Innbænum. Mikil óánægja er með að Akureyrarbær tók af okkur skólabílinn og það situr í fólki. Þið gætuð unnið ykkur inn mörg stig með að koma honum aftur á og lappa upp á leikvöllinn.
- ▶ Mikilvægt að viðhalda og frekar auka svæði og vinnu sem er sett í leikvelli og opin svæði.
- ▶ Sé það fyrir mér sem leiksvæði barna og jafnvel stað þar sem hægt væri að vera með sögusýningar. Þetta svæði er upphaf Akureyrar sem bæjarfélags þarna er upphaf verslunar og mikil saga á bakvið. Sem þarf að varðveita.
- ▶ Sem grænt svæði fyrir börnin og íbúa.
- ▶ Sem grænt svæði og mikilvægt leiksvæði fyrir börnin í hverfinu.
- ▶ Sem leiksvæði.
- ▶ Sem nágranni Leiruvallar þá sé ég hvað nýtingin á græna hluta vallarins er góð sumar sem vetur. Fólk sest gjarnan niður með teppi á grasinu á góðviðrisdögum og á veturna renna börnin sér á þotum eða skíðum/brettum á hólnum. Leiruvöllur er langt því frá eingöngu nýttur af fólki í hverfinu. Þangað sækja aðrir bæjarbúar sem og innlendir sem erlendir ferðamenn. Á sumrin sækir fólk í sólina sem skín síðdegis og fram á kvöld á þetta svæði meðan aðrir hlutar innbæjarins eru þá komnir í skugga af brekkunum fyrir ofan hverfið. Ég vil sjá Leiruvöll sem leikvöll barna og fullorðinna (bæði með og án leiktækja), samkomustað fyrir hverfið sem og hentugan stað fyrir lautarferðir.



7. Hugmyndir að framtíðarþróun Leiruvallar

Svör þátttakenda #5

Ef þú ert ósammála því að hlutar Leiruvallar fari undir byggingu/byggingar á lóð 16 við Hafnarstræti hvernig myndirðu vilja sjá svæðið þróast til framtíðar?

- ▶ Sem opið leiksvæði með gróðri og góðum leiktækjum sem nýtast öllum aldurshópum og aðstöðu fyrir mæður með ung börn. Nestisaðstöðu og tengingu við tómstundastarf í nágrenninu. Innbærinn þarf á þessum leikvelli að halda til framtíðar barnafjölskyldur vilja búa þar sem er barnvænt umhverfi og gott að hittast kynnast og hafa gaman saman.
- ▶ Sem svæði þar sem fólk í öllum aldurshópum getur komið og notið útiveru.
- ▶ Sem útisvæði í takt við nútímann. Og þá meina ég ekki að byggja húsnaði á hvern fermetra. Leyfum smá náttúru að eiga heima inn í bænum ekki malbika og steypa allt.
- ▶ Sem útivistarsvæði fyrir unga sem aldna.
- ▶ Sem útivistarsvæði svæði fyrir innbæinn.
- ▶ Sjá góðan leikvöll áfram.
- ▶ Sparkvöll eða aðrar leiðir fyrir börn og unglunga til að njóta sín úti.
- ▶ Stækka enn meira til austurs og halda í flatir sem nýtast til útileikja. Gróðursetja meira og girða betur af.
- ▶ Stækka leiksvæði Leiruvallar og halda svæðinu án bygginga svo mögulegt sé að byggja eða breyta búsetukjarna í leikskóla í óákveðinni framtíð. Finna búsetukjarna nýjan stað utan gamla bæ Akureyrar og gera ungum kjarnafjölskyldum mögulegt að búa í hverfinu svo hverfið endi ekki sem orlofsbyggð.
- ▶ Stækka völlinn til austurs og gera leikvöllinn flottan. Enga minnkun. Það er komið að endurnýjun á tækjum þarna. Gera aðgengi frá Drottningarbraut að leiksvæðinu öruggara.
- ▶ Það mætti alveg taka af svæðinu til að stækka lóðina við kjarnann svo íbúar þar hefðu stærri lóð.



7. Hugmyndir að framtíðarþróun Leiruvallar

Svör þátttakenda #6

Ef þú ert ósammála því að hlutar Leiruvallar fari undir byggingu/byggingar á lóð 16 við Hafnarstræti hvernig myndirðu vilja sjá svæðið þróast til framtíðar?

- ▶ Það væri í lagi að huga betur að leiktækjum.
- ▶ Þrátt fyrir að hafa minni tengsl í dag við Leiruvöll í dag þá sóttum við hann mikið og ég held að það sé mikilvægt að hann sé byggður upp þannig að hann geti orðið aðdráttarafl fyrir heimamenn og gesti. Þá getur hann laðað að gesti og stutt við rekstur stofnana og fyrirtækja í innbænum. Þá gæti vel uppsett leiksvæði stuðlað að fjölbreyttari íbúasamsetningu.
- ▶ Þar sem enginn skóli er í grenndinni sem býður upp á leiksvæði fyrir börn þá er mikilvægt að hafa leiksvæði svo Innbærinn geti haldið áfram að vera fjölskylduvænt hverfi.
- ▶ Þjónustan og aðstaðan á Leiruvelli hefur verið skert smám saman síðustu ár og áratugi og leiksvæðið minnkað. Þar ætti að koma upp flottu leiksvæði með sterkri tengingu við nýja og glæsilega aðstöðu siglingaklúbbsins Nökkva handan Drottningarbrautarinnar.
- ▶ Vandaðan leikvöll þar sem fjölskyldufólk getur komið og átt góðar stundir saman. Þar væri til dæmis hægt að borðað nesti á meðan yngstu börnin leika sér. Það væri því frábært að ásamt fleiri leiktækjum væri aðstaða t.d. borð og bekkir eða grasbali þar sem hægt væri að setja teppi þar sem fullorðna fólkið gæti fylgst með börnunum.
- ▶ Viðhalda Leiruvelli og mögulega gera hann þannig úr garði að hægt sé fyrir fullorðna að tilla sér, mögulega hverfisgrill og að sjálfsögðu örugg og góð leiktæki fyrir börn.
- ▶ Vil að leikvöllurinn og þetta óbyggða svæði fái að vera í friði fyrir byggingarframkvæmdum. Þetta er bæði opið svæði fyrir Innbæinn en einnig kemur margt fólk annars staðar að og nýtir sér svæðið.
- ▶ Vil engu breyta í sambandi við þessar hugmyndir og ekki hreyfa við leiksvæðinu.



KÖNNUN 2

Byggt á niðurstöðum könnunar 1 var ákveðið að kanna með ítarlegri hætti tengsl almennings við Leiruvöllinn, sem stendur nú á lóð nr. 14 við Hafnarstræti.

Í þessu skjali er að finna niðurstöður könnunarinnar sem unnin var af fyrirtækinu ENVALYS að beiðni íbúa á Akureyri.

Engum persónugreinanlegum gögnum var safnað í þessari könnun.



Könnun: Tilgangur

Tilgangur þessarar könnunar er að:

1. **Varpa nánara ljósi á tilfinningatengsl og/eða minningar fólks tengdum Leiruvelli**
2. **Bjóða hinum almenna borgara upp á vettvang** til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum með aðgengilegum hætti.



Aðferð könnunar: Efnisatriði

Könnunin samanstóð af fjórum hlutum:

1. **Öflun bakgrunnsupplýsinga** (þ.e. kyns, aldurs og búsetu). Þess var gætt að engum persónugreinanlegum gögnum væri safnað.
2. **Könnun á tengslum fólks** við Leiruvöll og **upplifun** þess á svæðinu.
3. Opnum spurningum um **tilfinningaleg tengsl** og/eða **minningar fólks** tengdum svæðinu.



Aðferð könnunar: Fyrirlögn

Um var að ræða netkönnun þar sem þátttakendur gátu ýmist svarað gegnum farsíma eða tölvu.

Gagnasöfnun fór fram dagana 15. - 30. október 2022 og var könnunin aðgengileg:

- ▶ Á Facebook-síðu ENVALYS.

Könnunin var öllum opin og þurftu þátttakendur að skrá sig í gegnum island.is. Hver sem er gat dreift könnuninni gegnum samfélagsmiðla eða tölvupóst og hvatt til þátttöku.

Eftir skráningu gegnum island.is birtist síða í upphafi könnunar þar sem stóð “*Taka þátt í rannsókn*”. Þátttakendur þurftu þá að smella á hnapp til að opna könnunina. Þegar þangað var komið samþykktu þeir þátttöku með við að haka í þar til gert box.



Staðarvensl og sálfræðileg endurheimt

Skilgreining á hugtökum

1. **Staðarvensl** eru skilgreind sem tilfinningaleg tengsl sem fólk myndar við staði/svæði sem það heimsækir eða notar reglulega. Slíkir staðir/svæði veita þeim vellíðan og öryggi, skapa gildi, tákn og einstaklingsbundna merkingu auk þess sem vitund vaknar um menningarlegt og sögulegt samhengi. Staðarvensl skapast yfir lengri tíma, hafa mikla þýðingu fyrir einstaklinginn og eru honum mikilvæg.
2. **Sálfræðileg endurheimt** er skilgreind sem endurnýjun andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar getu sem hefur minnkað vegna fyrirhafnar fólks við að mæta kröfum hversdagsins. Ferli endurheimtar eða “það að hlaða batteríin” er hluti af okkar daglega lífi og nauðsynlegur þáttur í að viðhalda heilbrigði og vellíðan. Rannsóknir hafa sýnt að umhverfið hefur mikil áhrif á ferli endurheimtar.
 - a. **Tjáð endurheimt**; Ekki er um að ræða raunverulega endurheimt, heldur mótar fólk afstöðu sína til endurheimtar út frá fyrri reynslu af því að vera í tilteknum aðstæðum.
 - b. **Hugræn mynd**; Ekki er um að ræða bein samskipti við umhverfið, heldur leitar fólk í eigin hugarheim (skapar hugræna mynd) til að upplifa raunverulega endurheimt.
3. Rannsóknir hafa sýnt að **tengsl milli staðarvensla og sálfræðilegar endurheimtar**. Þó enn sé ýmislegt á huldu um orsakatengsl þessara breyta, þ.e. hvort staðarvensl hafa áhrif á sálfræðilega endurheimt eða öfugt, hafa nýlegar rannsóknir bent til aukin sálfræðileg endurheimt ýti undir aukin staðarvensl.

Með öðrum orðum, því betur sem umhverfið ýtir undir sálfræðilega endurheimt (þ.e. að við “hlöðum batteríin”), því betur líður okkur og betri líðan skapar forsendur fyrir sterkari tilfinningaleg tengsl við umhverfið.



Aðferð könnunar: Úrvinnsla

Við úrvinnslu gagna var reiknað **meðaltal og staðalfrávik** reiknað og niðurstöður settar fram í formi súlurits.



Niðurstöður

Bakgrunnsbreytur

hverjir tóku þátt?


Þátttakendur Alls luku **96** einstaklingar við 100% af könnuninni

Kynjahlutfall 66,7% konur
31,3% karlar
2% annað


Aldur 7,3% 18-25 ára
44,8% 26-45 ára
35,4% 46-65 ára
12,5% ≥66 ára

Búseta 18,8% Innbærinn á Akureyri
56,2% Annar bæjarhluti á Akureyri en Innbærinn
25% Utan Akureyrar


KYN




ALDUR



BÚSETA



1. Staðarvensl, tjáð endurheimt og hugræn mynd óháð kyni, aldri og búsetu



Almennt séð voru staðarvensl þátttakenda við Leiruvöll fremur sterk.

Almennt voru þátttakendur nokkuð sammála því að dvöl á Leiruvelli ýtti undir sálfræðilega endurheimt.

Almennt voru þátttakendur nokkuð sammála því að það að vita af Leiruvellinum ýtti undir sálfræðilega endurheimt.



2. Tilfinningaleg tengsl og/eða minningar tengdar Leiruvelli

Svör þátttakenda #1

Vinsamlegast lýstu hér fyrir neðan með þínum eigin orðum og eins ítarlega og þér sýnist tilfinningalegum tengslum þínum við Leiruvöllinn og/eða minningum þínum þaðan:

- ▶ Að hafa haft aðgang að fallegu svæði í elsta hluta bæjarins, geta sest niður og njóta kyrrðar innan um gömul vinaleg hús, þar sem börnin geta leikið sér.
- ▶ Ánægjulegt að fara með börnin þarna að leika.
- ▶ Átti heima í Hafnarstræti 23 í 18 ár - flutti 2017. Þrjár dætur mínar og þeirra vinkonur sem bjuggu í hverfinu voru stanslaust á Leiruvellinum, þar var alltaf stelpnahittingur og afmælisveislur. Það yrði mjög sorglegt ef það á að rífa hann niður, mjög góðar minningar.
- ▶ Átti marga góða daga á róló á yngri árum. Finnst nauðsynlegt að allstaðar séu grænir blettir með aðstöðu fyrir börn framtíðarinnar.
- ▶ Barnið mitt hefur stundað siglinganámskeið og Leiruvöllurinn skiptir miklu máli í starfinu þeirra þar, krakkarnir fara þangað að leika og borða nesti á sumardögum. Mikilvægt að hafa grænt svæði á þessum stað.
- ▶ Bjó í innbænum í 14 ár og öll mín börn léku sér þar, sumar og vetur. Síðan hafa barnabörnin leikið þar, ekki síður gaman fyrir foreldrið.
- ▶ Börn og barnabörn hafa notað þetta mikið aðallega við heimsókn og afmæli.
- ▶ Börnin mín notuðu Leiruvöllinn mjög mikið og það er tenging mín við völlinn. Mjög nauðsynlegt að hafa leikvöll í Innbænum.
- ▶ Börnin mín og ég áttum ógleymanlegar stundir.
- ▶ Byggingarreglugerð fer fram á leikvöll fyrir öll hverfi í þéttbýli. Mér er andskotans sama um staðsetninguna en það er ólöglegt að fjarlægja hann án þess að koma með eitthvað annað í staðinn. Börn eiga rétt á að fara á leikvelli án þess að þurfa yfir stórar umferðaræðar.
- ▶ Dásamlegt að koma þarna með krakkana á sumrin, fastur liður í Brynjuferðum. Förum reglulega í Innbæinn, heimsækjum Minjasafnið, fáum okkur ís og stoppum á róló. Leikvöllurinn hefur mikið aðdráttarafl fyrir barnafjölskyldur.



2. Tilfinningaleg tengsl og/eða minningar tengdar Leiruvelli

Svör þátttakenda #2

Vinsamlegast lýstu hér fyrir neðan með þínum eigin orðum og eins ítarlega og þér sýnist tilfinningalegum tengslum þínum við Leiruvöllinn og/eða minningum þínum þaðan:

- ▶ Ég á góðar minningar um það þegar börn léku sér úti. Það var mjög oft farið í leiki þarna eins og vink vink í pottinn, fallin spýta og eina króna. Þá léku sér saman börn á öllum aldri út hverfinu.
- ▶ Ég bjó í Innbænum í 24 ár og fór þangað mjög oft með börn og barnabörn og alltaf leið mér mjög vel á þessu svæði. Í dag fer ég með barnabörn á þennan völl af og til og alltaf sama gamla góða vellíðanin. Það er því miður ekki hægt að segja um miðbæinn :(.
- ▶ Ég fer þangað stundum með dóttur minni en bý í Hagahverfi.
- ▶ Ég lék mér oft þarna sem barn og var þar, það á alls ekki að breyta neinu þarna.
- ▶ Ég man bara þegar það var dagheimili þar annars hef ég held ég ekki komið þangað.
- ▶ Ég met þetta þannig að við megum ekki fækka leiksvæðum komandi kynslóða.
- ▶ Ég og mín börn höfum notið þess að dvelja á Leiruvellinum í mörg ár og ég vona svo innilega sð barnabörnin mín fái að njóta þess líka í náninni framtíð. Mér finnst notalegt að hafa þetta leiksvæði nálægt mér og mínum og finnst þetta svæði vera hjarta Innbæjarins.
- ▶ Ég ólst upp í Innbænum og finnst ekkert að því að færa leikvöllinn til. Nóg af stöðum í Innbænum til að setja leiktæki á.
- ▶ Ég ólst upp þarna, og mínar bestu minningar, áður en allt lífið fór á hvolf, eru þarna frá.
- ▶ Ég tengist innbænum fjölskylduböndum og á hverju sumri í minni barnæsku lék ég mér á Leiruvellinum daginn inn og daginn út, enda stutt að fara fyrir þá sem búa á svæðinu og nauðsynlegt að geta leikið sér í næsta nágrenni. Þó svo sum leiktækjanna hafi verið orðin þreytt þótti mér alltaf afskaplega gaman að fara þangað og leika við og kynnast öðrum börnum í hverfinu. Mér þykir þess vegna mjög vænt um Leiruvöllinn og vil að önnur börn og fjölskyldur geti notið góðs af.



2. Tilfinningaleg tengsl og/eða minningar tengdar Leiruvelli

Svör þátttakenda #3

Vinsamlegast lýstu hér fyrir neðan með þínum eigin orðum og eins ítarlega og þér sýnist tilfinningalegum tengslum þínum við Leiruvöllinn og/eða minningum þínum þaðan:

- ▶ Ég var á Leiruvellinum öll sumur þegar ég var fyrir norðan að heimsækja ömmu. Man mest eftir skipinu sem við lékum okkur í og fórum oft í Brynju og gæddum okkur á ís saman fjölskyldan á leikvellinum, þetta er yndislegt svæði. Minnst þess líka að hafa fengið að fara á Leiruvöll eftir heimsóknir í kirkjugarðinn til ömmu og afa seinna meir. Núna á fullorðinsaldri er þetta aðalleikvöllurinn til að fara með börnin á í heimsóknum norður, svæðið sjálft með Vaðlaheiðina í bakgrunni er mér mjög mikilvægt og eitt af fáum svæðum í Innbænum ætluðum leik. Tilfinningaleg tenging við hverfið, kirkjugarðinn, Brynju og öll fallettu húsin gerir hann að mínum uppáhalds stað á Akureyri.
- ▶ Ég vinn nálægt Leiruvellinum. Staðreyndin er sú að leikvöllurinn er skammarlega lítið notaður. Ég hef unnið í 7 ár í næsta nágrenni við völinn og fer reglulega framhjá. Þarna eru nær aldrei börn að leik. Ég sé ekkert að því að það sé byggt inná grasflöt sem gott sem enginn nýtir sér.
- ▶ Ekkert ánægjulegra en börn og foreldrar saman á fallettum leikvelli.
- ▶ Engar minningar þaðan, það þýðir hinsvegar ekki að það þurfi að byggja á hverjum einasta græna bletti sem fyrirfinnst á Akureyri.
- ▶ Fór með mín börn þangað þegar ég bjó í Innbænum. Alltaf gott að koma þangað og sé eða sá það fyrir þér að fara með barnabörn þangað í framtíðinni þar sem sonur minn býr þar. Þetta er eini staðurinn fyrir krakka að leika sér í Innbænum og fátíðlegt að ætla sér að taka það af þeim. Skamm bara segi ég.
- ▶ Gaman að fara í hjólaferð með fjölskylduna og koma við þar og leika.
- ▶ Hann gefur andrými inni í byggðinni og opnar á útsýni og tengsl við Pollinn og fjörðinn.
- ▶ Hann skiptir máli. Barnabörnin elska að fara þangað.



2. Tilfinningaleg tengsl og/eða minningar tengdar Leiruvelli

Svör þátttakenda #4

Vinsamlegast lýstu hér fyrir neðan með þínum eigin orðum og eins ítarlega og þér sýnist tilfinningalegum tengslum þínum við Leiruvöllinn og/eða minningum þínum þaðan:

- ▶ Hef átt ófár stundir þarna, ekki síst sem krakki þegar ég bjó fyrir norðan. Innbærinn er yndislegt hverfi með mikla sál og innan hans er þetta eina opna svæðið. Mínar sterkustu minningar og tengsl við Leiruvöllinn tengjast upplifun á útiveru á stað þar sem er vítt útsýni yfir Pollinn og yfir í Vaðlaheiðina og með gömlu húsin eins og Laxdalshús í bakgrunni.
- ▶ Hef mikið sótt þangað bæði með og án barna. Græna svæðið ekkert síður mikilvægt en leikvöllurinn sjálfur. Bæði leikur og slökun.
- ▶ Könnunin: Upplifunin tilfinningalega og minningar. Leiruvöllur hefur skipað stóran sess í lífi mínu frá 1980, þegar við fjölskyldan flytjum í Innbæinn. Með þrjú börn var þessi staður og er algjört gersemi. Til að byrja með var þar líka lokaður leikvöllur (hann er farinn) með pössun fyrir ung börn. Þá var gæsla, góðar konur og börnin í öruggu fallegu umhverfi. Allir ánægðir. Það var HÚS (það er farið) á Leiruvellinum og ungir sem aldrei léku sér í Yfir og fleiri leikjum (það er ekki í boði lengur). Einu sinni var Karfa (hún er farin), mjög vinsæl og skapaði ánægju og gleði auk þess að þjálfa einbeitingu og auka hreyfingu og gleði meðal krakkanna og okkar foreldranna. Félagslega þroskandi. Græna svæðið mjög mikilvægt og Hóllinn alltaf vinsæll, enda ekki mörg leiktæki þá og eru ekki ennþá. Með nesti á Hólnum og krakkar að leika, standa á höndum, hlaupa upp og niður og njóta. Á dögnum spurði ég sjö ára stelpu, hvað væri best við Leiruvöllinn og það stóð ekki á svarinu: „Hóllinn er bestur“. Skólahópar koma og fara, leikskólabarnahópar koma og fara, fólk með ís að koma og fara. Krakkarnir á námskeiðum hjá Nökkva siglingaklúbbi gegnt Leiruvellinum og aðstandendur þeirra koma og fara og borða nesti með gesti, fara í leiki þegar ekki viðrar til siglinga. Gaman að sjá þau og hitta. Grænu svæðin með börnum sínum að hitta önnur börn og foreldra. Það eru ekki allir á bíl til að geta keyrt í fallega reiti eða sumarbústaðinn [framhald á næstu síðu].



2. Tilfinningaleg tengsl og/eða minningar tengdar Leiruvelli

Svör þátttakenda #5

Vinsamlegast lýstu hér fyrir neðan með þínum eigin orðum og eins ítarlega og þér sýnist tilfinningalegum tengslum þínum við Leiruvöllinn og/eða minningum þínum þaðan:

Erlendar fjölskyldur koma og fara, meira núna í seinni tíð og staldra lengi við og stundum fram eftir kvöldi í góðu veðri, hvað Íslendingar gera ekki. Við förum heim í mat, en komum kannski aftur. Gaman að hitta fólk og spjalla og erlendir aðilar hafa oft spurningar. Um daginn voru tvær erlendar konur með börn á Vellinum og við tókum tal saman. Þær reyndu að gera sig skiljanlegar. Með Google translate skildi ég að það væri svo erfitt að það vantaði girðingu á parti við bílastæði (höfðu brotnað vegna snjóruðningstækja s.l.vetur og börnin að hlaupa út fyrir. Ég tók að mér að athuga málið, en fékk þau svör hjá Akureyrarbæ að það stæði ekki til að gera við girðinguna, það væri búið að fjarlægja það sem brotnaði. “Sæl. Það er ekkert fyrirhugað að sinni varðandi girðingu, það sem var brotið var fjarlægt í vor. Verktakinn minn hefur ekki farið í runnann ennþá. Maður verður leiður vegna þess.

Ég hringdi í formann umhverfis-og mannvirkjaráðs og þar var sama sagan, hann vildi helst ekki ræða málið. Leitt hvaða augum bæjarapparatið lítur Völlinn og jafnvel Innbæinn. Einnig er erfitt að sjá bíla keyra inn á Leiruvöllinn, því ekkert hlið er og mjög breitt inngangsopið (á tveimur stöðum), sem foreldrar hafa kvartað yfir við mig. Veikir góða upplifun. Á vetrum leika krakkarnir sér á Vellinum og renna sér á Hólnum. Barnabarn mitt var að renna sér á sleða á Hólnum og rann á girðingu og er með svarta tönn síðan. Girðingin er of nálægt enda engin fagleg hönnun farið fram, sem er bagalegt og sýnir metnaðarleysi á þessum stað af hálfu Akureyrarbæjar og þrátt fyrir að hönnun liggur fyrir (2013) og undirskriftalistar hafa verið sendir bænum til að mótmæla aðbúnaðinum. Þetta er svo leitt að sýna börnum ekki meiri virðingu. (Það gilda allt önnur lögmál varðandi golfvöllinn). Völlurinn hefur verið notaður að hluta til fyrir skítuga snjóruðninga þrátt fyrir beiðni um að stoppa það og ekki langt að fara með snjóinn í sjóinn af þessum stað. Það hefur sýnt sig og legið við slysi þar sem barn hefur festst inn í snjóruðningi við að grafa sig inn, það er vinsælt en hættulegt. Stundum loka snjóruðningar innganginum að Vellinum. Þá lokast fyrir upplifun þar [framhald á næstu síðu].



2. Tilfinningaleg tengsl og/eða minningar tengdar Leiruvelli

Svör þátttakenda #6

Vinsamlegast lýstu hér fyrir neðan með þínum eigin orðum og eins ítarlega og þér sýnist tilfinningalegum tengslum þínum við Leiruvöllinn og/eða minningum þínum þaðan:

Hvert hverfi er eins og þorp sagði einhver. Já og hvert þorp þarf góða græna reiti/leiksvæði til að hitta aðra, stunda hreyfingu, njóta umhverfisins. Börn að þroskast við skapandi hugsun og leik, sem hefur áhrif á samfélagið til frambúðar og hefur áhrif á í hvaða átt við viljum fara. Mín börn þrjú og þeirra vinir voru mikið á Leiruvellinum og eiga góðar minningar frá þeim tíma og núna koma barnabörnin og hitta félagi, kynnast. Langar að fá boltagerði, sem er sjálfsgöð krafa í dag. Frænkur komu og ein elskaði Bát, sem var þar (hann er farinn). Hún á góðar minningar á Vellinum. Ein frænka skrifaði: „En það sem fer fyrir brjóstíð á mér er litli leikvöllurinn fyrir framan húsið þitt á að skemma. Á margar góðar minningar þaðan. Þetta er best svæðið í Innbænum,“ þorpinu“ okkar, fyrir fólk á öllum aldri, af öllum þjóðernum til að hittast og njóta og mynda „þorpsheild“. Það varðar lýðheilsu- og félagslega vellíðan og eflir og styrkir einstaklinga. Það vantar mikið upp á að gera svæðið þannig að það svari nútímakröfum að vera 1. flokks með góðum leiktækjum, boltagerði -/ sparkvelli og aðstöðu fyrir fleiri aldurshópa í Innbænum fyrir Innbæinga og aðra Akureyringa og gesti. Það mundi að sjálfsgöðu auka aðsókn eins og gerðist á Oddeyrarskólalóðinni. Það gerist ekki með skerðingu svæðisins og að græna svæðið hverfur, eins og áform bæjarstjórnar Akureyrar standa til. Akureyrarbær fyrsta barnvæna sveitarfélagið samkvæmt skilgreiningu UNICEF og verður að sýna að við stöndum undir því nafni. Akureyrarbær vill bæta græn svæði, sem er VEL. Það á líka að gilda um Innbæinn. Öll upplifun mín/okkar er á heildina litið afar góð af fallega Leiruvellinum og það má ekki skerða gæði svæðisins eins og áform bæjarins standa til. Núna erum við búin að bíða lengi eftir uppbyggingu Leiruvallar og krefjumst þess núna. Fegurðin er einstök að sjá frá fjöru til fjalls er einstakt og hefur svo góð áhrif á mann. Maður reynir að gera sér grein fyrir gæðunum í umhverfinu og njóta þess, það er svo gott fyrir sálina og gott að vera þakklátur. Kvíði segir til sín að eigi að skemma Leiruvöllinn og þeir sem þekja til og kunna að meta fallegan reit eru miður sín.



2. Tilfinningaleg tengsl og/eða minningar tengdar Leiruvelli

Svör þátttakenda #7

Vinsamlegast lýstu hér fyrir neðan með þínum eigin orðum og eins ítarlega og þér sýnist tilfinningalegum tengslum þínum við Leiruvöllinn og/eða minningum þínum þaðan:

- ▶ Leiruvöllur hefur veitt mér og börnum mínum mikla gleði í gegnum árin. Þau báðu oft um að koma við þar um helgar því þar væri skemmtilegt að leika sér.
- ▶ Leiruvöllurinn er eina örugga leiksvæði barna í Innbænum. Fullorðnir geta tyllt sér með kaffibolla, ef þeir verða svo heppnir að ná sæti. Börnin mín notuðu völinn ekki mikið þ.s. hann var afar illa búinn leiktækjum og aðstöðu fyrir þeirra aldurshóp. Barnabörnin nota völinn mikið þegar þau koma en þau kvarta yfir hversu illa hann er búinn spennandi leiktækjum/aðstöðu. Þetta svæði ætti að nýta fyrir fleiri aldurshópa og t.d. bara með því að bæta við borðum og setumöguleikum myndi hópur eldri borgara njóta þess að tylla sér þarna. Í stað þess að byggja meira þá ætti Akureyrarbær að sjá sóma sinn í því að gera þetta að velbúnu og fallegu útivistarsvæði fyrir Innbæinga og alla þá gesti sem hér fara um.
- ▶ Lék mér þar sem krakki en finnst hann heldur aumingjalegur að sjá í dag. Mætti bæta hann töluvert og gera hann vænni til leiks og viðveru.
- ▶ Margir sólríkir dagar, hægt að setjast niður og lesa blað/bók á meðan börnin leika. Hóllinn hefur yfir sér ævintýrablæ og börnin sækja mikið í leik á honum.
- ▶ Mér finnst bara óþarfi að vera að ráðskast með þennan leikvöll, höfum einn leikvöll í innbænum.
- ▶ Nauðsynlegt fyrir alla, börn og fullorðna 
- ▶ Naut þess þegar ég var yngri.
- ▶ Ólst upp á þessum leikvelli. Finnst hann mjög mikilvægur hverfinu.
- ▶ Ómissandi að fara með barnabörnum á hann þegar ég er að passa þau. Mætti samt vera aðeins skjólbetri.



2. Tilfinningaleg tengsl og/eða minningar tengdar Leiruvelli

Svör þátttakenda #8

Vinsamlegast lýstu hér fyrir neðan með þínum eigin orðum og eins ítarlega og þér sýnist tilfinningalegum tengslum þínum við Leiruvöllinn og/eða minningum þínum þaðan:

- ▶ Sem barn var ég oft á róló bæði í pössun og svo vorum við krakkarnir mikið að leika okkur þar. Oft var verið í yfir og sannleikanum eða kontor. Mér finnst vegið að barnafólki í Innbænum með því að hætta með skólabíl, sem var mikið barist við að fá í mjög mörg ár. Og ætla að breyta svona þessum fólkvangi er ekki til þess fallinn að fá fleira barnafólk í hverfið.
- ▶ Stór hluti æskuminninga minna úr Innbænum er tengdur Leiruvellinum, þar sem áður var gæsluvöllur og mun betri aðstaða til leikja en í dag. Þar var hægt að byggja trékofa, spila yfir með krökkunum í hverfinu, spila körfubolta og síðan eyddum við löngum stundum í kassabílunum sem voru á staðnum. Leikvöllurinn var í raun ómissandi hluti af lífi barnanna í hverfinu, staður þar sem við komum saman í stórum hópum og lékum okkur saman, ekki síst á björtum sumarkvöldum. Ótæmandi uppspretta ljúfra minninga. Í dag kem ég á Leiruvöllinn í hvert skipti sem ég heimsæki Akureyri og Innbæinn með sex ára syni mínum, hann þreytist aldrei á því að kíkja á Leiruvöllinn, róla á sumrin og renna sér á veturna.
- ▶ Vann á siglinganámskeiðinu og við tókum börnin alltaf þangað þegar það var ekki veður til að sigla, bæði börnin og starfsmenn elska þennan stað.
- ▶ Var ekki leikvöllur þarna þegar ég var barn í innbænum, hann var í Lækjargötu og þá var innbærinn fullur af börnum, núna sést varla barn þar.
- ▶ Var núna um daginn með ömmu, mömmu og syninum. Veguðum öll saman salt. Fjórar kynslóðir.
- ▶ Veðursæld, kyrrð, náttura allt í kring, Pollurinn, Vaðlaheiðin. Samvera með börnum og barnabörnum, ís úr Brynju. Gleði og gaman á grænu, dásamlegu svæði. Lestur dagblaða á meðan börnin leika og svo nestisstund. Samvera, römmuð inn af Leiruvelli.




2. Tilfinningaleg tengsl og/eða minningar tengdar Leiruvelli

Svör þátttakenda #9

Vinsamlegast lýstu hér fyrir neðan með þínum eigin orðum og eins ítarlega og þér sýnist tilfinningalegum tengslum þínum við Leiruvöllinn og/eða minningum þínum þaðan:

- ▶ Við fjölskyldan bjuggum í Hafnarstræti 15 í 3 ár með börn á leikskólaaldri og notuðum leiksvæðið mikið. Það var fyrir 14 árum síðan. Síðan þá hefur fólki fjölgað á svæðinu, fjölbýlishús verið byggð þar sem áður var keiluhöll, einnig Austurbrú og nú verið að byggja sunnan við Austurbrú og ráðagerðum að byggja á Hofsbótarsvæðinu. Því ætti að styrkja Leiruvöll, alls ekki skerða.
- ▶ Völlur sem er börnunum hér vel aðgengilegur, er góðum stað og vel útbúinn er meginmálið hér.
- ▶ Það er réttur barna að hafa leikvöll í sínu hverfi. Skora á bæinn að byggja upp leiksvæði þarna.
- ▶ Það er yndislegt að hafa góðan stað í innbænum til að leika sér sem krakki, og núna vera þar með krakka, í nágrenni við sjóinn í góðu umhverfi.
- ▶ Það má gera breytingar á svona svæðum. Minnkað svæði með betri tækjum en nú er væri betra svæði og líklegra til að fleiri færu á og nýttu leikvöllinn.
- ▶ Það veitir mér ánægju að það sé grænt og barnvænt svæði í Innbænum því það er nauðsynlegt að hafa það til staðar svo að Innbærinn haldist sem barnvænt fjölskyldu hverfi. Það er langt að fara á næstu skólalóðir eða stærri leiksvæði.
- ▶ Þetta svæði er mikilvægt sem staður til að vera á, ég lít samt þannig á að það sem ætlunin er að gera þar, skerða svæðið og stækka sambýli fatlaðra sé mikilvægara því það er hægt að skapa svipaða upplifun á öðrum svæðum í nágrenninu en varla hægt að stækka sambýlið og auka nýtingu á sameiginlegum hlutum á öðru svæði. Þegar rætt er um upplifun af einhverju þá er erfitt að fullyrða að ekki sé hægt að ná þeirri upplifun á öðrum stað sem gæti hentað jafnvel eða betur.





ENVALYS

Safamýri 91, 108 Reykjavík

envalys@envalys.is

www.envalys.is